

HAFNARFJÖRÐUR

AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í því að hluti svæðisins S33, í Skarðshlíð, samfélagsþjónusta, breytist í íbúðasvæði og sameinast íbúðasvæði ÍB10.

Á svæði S33, samfélagsþjónusta í Skarðshlíð, sem ætlað var fyrir hjúkrunarheimili, heilsugæslu, skóla og leikskóla, verður nú skóli og leikskóli. Svæði S33 breytist úr 4ha í 3ha og ÍB10 úr 24ha í 25ha.

Miðað við áætlanir í greinargerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025, um nemendafjölda á leik- og grunnskólaaldri og athugun á landrýmis- og stærðarþörf slíkrar menntastofnunar þá er ljóst að ná má hagræðingu í uppbyggingu slíkrar stofnunar, með því að færa hana til á svæði S33 og minnka það jafnframt sem nemur um einum hektara frá samþykktu deiliskipulagi frá 10.06.2013.

Í greinargerð aðalskipulagsins segir á bls. 44:

„Hugmyndir manna um hve stórir grunn- og leikskólar skuli vera hafa stöðugt verið að breytast á síðustu árum, þannig að ákvörðun um fyrirkomulag skóla og annarrar þjónustu í íbúðarhverfum verður tekin þegar unnið er að forsögnum fyrir deiliskipulag einstakra hverfa.“

Í greinargerð aðalskipulagsins segir einnig á bls. 44:

„Á Skarðshlíðarsvæðinu er gert ráð fyrir hjúkrunarheimili og heilsugæslu-stöð.“


Gert er ráð fyrir að hugmyndir um hjúkrunarheimili færast af svæði merktu S33 yfir á svæði merkt S34, sem að flatarmáli er tveimur hekturum stærra en svæði S33.

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann: _____ 2016.


Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025
Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014 1:15.000

EFTIR



Breytt landnotkun — Mörk breytinga 1:15.000

Skýringar:

M	Miðbær, miðsvæði
VP	Verslunar- og þjónustusvæði
S	Samfélagsþjónusta
I	Iónaðarsvæði
AT	Athafnasvæði
IB	Íbúðarsvæði
H	Hafnarsvæði
F	Svæði fyrir frístundabyggð
K	Kirkjugarðar og grafreitir
E	Efnistöku- og efnislosunarsvæði
ÍP	Ípróttasvæði
ÓB	Óbyggð svæði
AF	Afpreyngar- og ferðamannasvæði
	Skipulagi frestað
SL	Skógræktar og landgræðslusvæði
OP	Opin svæði
V	Vötn, ár og sjór
FS	Fríðlýst svæði
ÖK	Önnur náttúruverndarsvæði
HV	Hverfisvernd (hvít yfirstrikun)
R	Fríðlýstar fornminjar
VB	Vatnsbólsvæði
VG	Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
VF	Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
VA	Bráðabirgða þynningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

þann: _____ 2016.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025

SVÆÐI: SKARÐSHLÍÐ - SVÆÐI SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU VERÐUR ÍBÚÐASVÆÐI



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTA
HAFNARFJARÐAR

19.1.2016/Lagfært 30.5.2016
ÞORMÓÐUR SVEINSSON